

NYTJAMARKAÐUR



Laugardaginn 25. september stendur foreldrafélagið fyrir nytjamarkaði þar sem seldur verður ýmis notaður varningur til styrktar tækjanefnd félagsins.

Við leitum til þín eftir stuðningi og hvetjum þig til að gefa hluti sem fjölskyldan er hætt að nota. Þannig stuðlar þú að umhverfisvænni neyslu samfélagsins og styrkir um leið söfnunina fyrir gagnvirkum skólatöflum. Föt, veski, töskur, tæki, DVD diskar, bækur, húsgögn og öll merkjavara ásamt ýmsu öðru er afar vel þegin.

Kaffihús verður á sviðinu í stóra salnum.



Tekið verður á móti hlutum og dóti á markaðinn föstudaginn 24. september klukkan 17-22.

Foreldrafélagið getur sótt stærri hluti eins og húsgögn sé þess óskað. Sendið fyrirspurn á netfangið sigga2@mac.com.

Komdu í kaffi og kíktu á markaðinn ☺



Gagnvirkar skólatöflur eru snertitöflur sem þjóna bæði tilgangi hefðbundinnar skólatöflu, myndvarpa og gagnvirkis tölvuskjás, þannig að taflan verður nokkurs konar vinnuaðstaða fyrir nemendur. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að námsárangur í skólum þar sem töflurnar eru notaðar er betri en annars staðar.